




**Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á
sveitastjórnarfundi nr. 237,
dags: 14. september 2023**

Dalabyggð

- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 659 íbúar mv. 2. september sl. og hefur fjölgað um 2 íbúa þar með frá því 1. janúar sl. en fækkað frá því í ágúst.
- Auðarskóli er komin á fullan snúning. Búið er að halda fund með foreldrum þar sem framkvæmdastjóri Ásgarðs mætti og skýrði hlutverk þeirra hvað skólajónustu varðar og kynnti þau verkfæri sem verða notuð. Sambærilegur fundur verður á næstunni með foreldrum leikskólabarna. Hvað leikskólann varðar þá vantar okkur eitt heilt stöðugildi til viðbótar þar inn til að geta haft starfsemi leikskólans óhefta, er það miður að staðan sé sú en sýnir að okkur vantar fleiri hendur á dekk hér í Dalabyggð.





- Áfram hefur haldist þétt samtal við kollega á Reykhólum og Ströndum varðandi þau samstarfsverkefni sem við erum í. Verið er að leggja mat á starfsemi slökkviliðsins okkar sameiginlega núna í tengslum við fjárhagsáætlunargerðina. Kostnaður sveitarfélag í þessum málaflokki hefur vaxið mjög og eðlilega er nú hafin umræða meðal sveitarfélaga hvað sé okkar og hvað sé hreinlega almannavarna að sinna og standa straum af kostnaði við.
- Nú er opið fyrir umsóknir í Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna framkvæmda á árinu 2023. Umsóknarfrestur er til kl. 13 miðvikudaginn 5. október. Það er mikilvægt að við í Dalabyggð reynum að ná sem mestum stuðningi til okkar í okkar fallega hérað.



- Viðræður við Leigufélagið Brák á lokametrunum varðandi kaup á íbúðum að Bakkahvammi 15 og útleiga hefst vonandi á allra næstu dögum. Umsóknir bárust í allar íbúðir og í raun einungis formsatriði eftir varðandi yfirtöku Leigufélagsins Brákar. Það er afar leiðinlegt hve upphaf á útleigu hefur dregist en það var mikilvægt að mínu mati að klára yfirfærsluna þannig að ekki skapaðist tvíverknaður í tengslum við samninga og samningagerð við leigutaka.
- Samtal við Leigufélögin tvö, Brák og Bríet varðandi áframhaldandi uppbyggingu í Búðardal er í gangi og er fyrirhugaður fundur í þessum mánuði með Leigufélaginu Bríet. Við erum með áform um frekari uppbyggingu íbúða við Gunnarsbraut og svo verðum við að horfa til frekari uppbyggingar almennra íbúða einnig.

- Nú er orðið ljóst að Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) yfirtekur rekstur Silfurtúns um næstu áramót. Stjórnendur HVE funduðu með stjórn Silfurtúns og undirrituðum fyrir stuttu og var á þeim fundi samþykkt að yfirtakan yrði á fyrrgreindum tíma. Fram að áramótum verður tíminn nýttur til að ganga frá öllum þeim mikilvægu formsatriðum sem sinna þarf og snúa að starfsmannahópnum og húsnæðinu sem um ræðir. Sama dag var haldinn starfsmannafundur með starfsmönnum Silfurtúns þar sem fulltrúar HVE mættu ásamt undirrituðum. Það er ekki annað að skynja en góður andi sé í öllum samskiptum í tengslum við þessa breytingu og vonandi finna heimilismenn og starfsmenn sem minnst fyrir þeirri breytingu sem verður nema þá á jákvæðan hátt.





- Hér fyrr á fundinum tókum við til afgreiðslu við fyrri umræðu samning við Akraneskaupstað varðandi umsjón í tengslum við barnavernd. Er þetta að mínu mati afar mikilvægt skref sem við erum nú að taka og vil ég þakka fulltrúum Akraneskaupstaðar, embættismönnum sem og nefndarfólki, fyrir gott og skilvirkt samtal auk þess sem ég lýsi ánægju minni einnig með stjórnarsýslu Dalabyggðar fyrir að veita okkur það traust að stíga þetta mikilvæga skref. Við erum með þessu samkomulagi vegna barnaverndarmála sem og að umhverfi Akraneskaupstaðar varðandi farsældarlög í tengslum við málaefni barna komin á allt annan stað en fyrir ári síðan. Allt hjálpar þetta til við að efla okkar innviði í málefnum barna í Dalabyggð.


- Undirritaður átti fyrir stuttu fund með fulltrúa FSRE, sem er sameinuð stofnun áður Framkvæmdasýslu og Ríkiseigna, til að ræða húsnæði í eigu ríkisins að Miðbraut 11 sem lögreglan er að nýta að litlum hluta og einnig ræddi ég þar um hugmyndir okkar varðandi sameiginlegt húsnæði viðbragðsaðila hér í Búðardal. Framhald verður á þessu samtali á næstunni en rétt er að geta þess að á fyrrnefndum fundi okkar með stjórnendum HVE var einnig rætt um þörfina á uppbyggingu húsnæðis fyrir viðbragðsaðila. Erum við með þessum viðræðum við fyrrgreinda aðila, lögregluna og HVE, komin á þann stað að þurfa að fara að ræða formlega við Björgunarsveitina okkar og Rauða Kross deildina um þá möguleika sem til staðar geta verið. Við í Dalabyggð þurfum að finna ásættanlega aðstöðu fyrir slökkviliðið okkar og þann búnað sem því tilheyrir og því er okkur fátt að vanbúnaði að taka málið upp í byggðarráði okkar á næstunni.





- Stjórn Rarik fundaði með sveitarstjórn Dalabyggðar ásamt undirrituðum og staðgengli mínum hér í Búðardal fyrir stuttu. Eftir hreinskiptar og góðar umræður var ánægjulegt að skynja nýjan tón, „þjónustutón“, í stjórn og stjórnendum fyrirtækisins og það að þau eru að fara fyrir alla ferla hjá sér varðandi viðbragð og þjónustu, vonandi veit það á gott. Rarik er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur hér í Dalabyggð og dýrmætt að góð samskipti séu okkar á milli því ekki einungis er fyrirtækið að þjónusta okkur með rafmagn heldur einnig hitaveitu í hluta sveitarfélagsins, þ.m.t. þéttbýlið í Búðardal.
- Líkur hafa aukist á því að uppbygging atvinnuhúsnaðis í samvinnu nokkurra aðila hefjist á næstunni. Fundur varðandi verkefnið var haldinn fyrir stuttu í Nýsköpunarsetrinu okkar og mátti skynja hug í fólki á þeim fundi.


- Fyrir stuttu fóru um 60 fulltrúar sveitarfélaga á Vesturlandi og Norðvesturlandi í fræðsluferð til Skotlands, ferðin var skipulögð af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi í samstarfi við landshlutasamökin á Norðvesturlandi.
- Tilgangur ferðarinnar var að fræðast um sveitarstjórnarmál, byggðamál, atvinnuþróunarstarf sem og möguleika hvað varðar svæðisbundið samstarf. Við fórum í heimsóknir í Inverness, Cairngorms-þjóðgarðinn og hjá Skoska sveitarfélagasambandinu, COSLA, í Edinborg. Við fengum erindi um ferðaþjónustu, velferðarmál, skipulags- og orkumál, nýsköpun og fleira. Það er brýnt fyrir íslensk sveitarfélög að læra af öðrum og fyrir sveitarstjórnarfólk að víkka sjóndeildarhringinn; sjá hvað er líkt með þeim áskorunum sem erlend sveitarfélög glíma við, hvernig tekið er á málum; hvað við getum lært og eins að sjá, að stundum erum við sjálf með ágætis útfærslur, sem virka í okkar samhengi. Við vorum þrjú fulltrúar Dalabyggðar í þessu skemmtilega ferðalagi sem nestaði okkur vel og ekki var síðra að vera í samneyti við kollega af fyrrgreindum svæðum og var margt skrafað um sameiginleg hagsmunamál.
- Vil ég hér þakka fararstjórategyminu á vegum SSV, þeim Páli, Svölu og Sigursteini sérstaklega fyrir afar gott skipulag og undirbúning.



- Okkur íbúum Dalabyggðar er nú boðið að taka þátt í könnuninni „Staðarandi í Dalabyggð“. Þessi könnun er liður í verkefninu „Dalabyggð í sókn – ímynd, aðdráttarafl og staðarandi“ sem er samstarfsverkefni Dalabyggðar, Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og Háskólans á Bifröst og er styrkt af byggðaáætlun. Markmið verkefnisins er að útbúa vörumerki og verkfærakistu fyrir Dalabyggð sem nýtist m.a. til að móta stefnu sveitarfélagsins í markaðssetningu fyrir nýja íbúa, fjárfesta og í ferðaþjónustu. Könnuninni er ætlað að greina staðaranda Dalabyggðar og kortleggja sjálfsmynd íbúa á svæðinu. Með því er hægt að vinna með styrkleika svæðisins og meta veikleika þess. Það er mikilvægt að sem flestir íbúar Dalabyggðar svari könnuninni þar sem niðurstöðurnar gætu verið þýðingarmiklar fyrir framtíð byggðaþróunar á svæðinu og landinu öllu, því vonast er til þess að verkefnið gefi fordæmi sem nýst geti fleiri íslenskum byggðarlögum. Markmiðið er að upp úr þessari vinnu verði unnin handbók eða aðgerðaáætlun sem íslensk sveitarfélög geti nýtt sér til að efla staðaranda sinn. Ég hvet alla íbúa Dalabyggðar, 18 ára og eldri, til að taka þátt og koma sínum sjónarmiðum þannig á framfæri.



- Vegurinn, eða vegleysan,(nú að mestu...) um Skógarströnd er eðlilega oft til umfjöllunar. Í síðustu viku átti ég ásamt bæjarstjóra Sveitarfélagsins Stykkishólms fund með fulltrúum Vegagerðarinnar vegna skipulagsmála tengd þeirri framkvæmd sem vonandi verður innan fárra ára. Umræðuefnið sneri aðallega að því að sveitarfélögin bæði þurfa að huga að, fyrr en seinna, breytingu á aðalskipulagi sínu þar sem sveitarfélagamörkin mætast í Álftafirði og þá í tengslum við mögulega þverun fjarðarins með brú og uppfyllingu. Það var ánægjulegt að fá það staðfest að Vegagerðin er komin með starfshóp sem er að horfa til hönnunar og rannsókna á umhverfi Skógarstrandavegarins og hafa þau í hyggju að fara í rannsóknir á lífríki og öðrum þáttum sem máli skipta hvað Álftafjörðinn varðar næsta sumar, þ.e. sumarið 2024. Við eigum von á minnisblaði frá Vegagerðinni sem staðfestir þá tímalínu sem þau kynntu á fundinum. Nánar um Skógarstrandarveg og aðra vegi hér síðar í þessum minnispunktum.



- Fundur með þingmönnum NV-kjördæmis vegna fyrirliggjandi draga að Samgönguáætlun fór fram í síðustu viku. Dalabyggð hefur sent frá sér ítarlega umsögn um drögin og enn ítarlegri tillögu að forgangsröðun framkvæmda í Dalabyggð. Það er óþolandi staða uppi hvað varðar áætlanir um framkvæmdir á Vesturlandi og sendi ég um helgina síðustu frá mér grein því tengt með heitið „Ójafnt er gefið“ og er það ekki ofsögum sagt. Vitna ég hér beint í eina málsgrein fyrrnefndrar blaðgreinar:
- *„Á Vesturlandi er 14% alls vegakerfisins á landinu eða 1.845 kílómetrar af 12.901 kílómetrum ef stuðst er við tölur frá því árið 2020 en í landshlutanum búa 5% landsmanna. Ef rýnt er í samanburð á fjárframlögum til stofnvega utan höfuðborgarsvæðisins og Reykjaness, auk einstakra tengivega, kemur í ljós að í fyrirliggjandi drögum að Samgönguáætlun er á árunum 2024 til 2028 áætlaðar einungis 700 milljónir króna til framkvæmda á fyrrgreindum vegum á Vesturlandi af 44,4 milljörðum sem áætlað er að verja í stofnvegi á landsbyggðinni, já, segi og skrifa, 700 milljónir af 44,4 milljörðum eða um 1,6% af heildinni. Það er heldur betur ójafnt gefið og mætti halda að hér væri um prentvillu að ræða en svo er ekki.“*



- Í undirbúningi er nú gerð, eða uppfærsla, á deiliskipulagi fyrir þéttbýlið í Búðardal og munum við horfa til þess að taka ákveðin svæði þar fyrir án þess að hafa allt plássið undir í hverju skrefi. Leitað verður til þriggja til fimm verkfræðistofa eða aðila sem sérhæfa sig í verkefnum sem þessu. Mikilvægt er að þetta fari af stað sem fyrst þannig að gögn liggi fyrir við gerð fjárhagsáætlunar fyrir komandi ár. Eitthvað af lóðum er nú þegar tilbúið skipulag fyrir og munum við stefna að því að geta kynnt þær innan ekki langs tíma því eins og sagði hér fyrr þá vantar okkur húsnæði og mikilvægt að við séum ekki með þröskuld skipulagslega til að tefja áhugasama í þeirri viðleitni að byggja hér hjá okkur.





- Fjárhagsáætlun fyrir árin 2024 til 2027 er nú komin á fullt skrið og eru hafnir fundir til undirbúnings með forstöðumönnum einstakra málaflokka. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út minnisblað um einstaka hagforsendur og styðjumst við í Dalabyggð við það að mestu leiti. Það er mikilvægt að halda vel á málum áfram í rekstri Dalabyggðar þannig að sveitarfélagið verði áfram sjálfbært í sínum mikilvæga rekstri. Sveitarstjórn hélt vinnufund ásamt starfsmönnum að Voggi á Fellströnd fyrir stuttu og var það gott og gagnlegt samtal sem þar átti sér stað. Einnig var á þeim fundi rætt um samþykktir sveitarfélagsins en unnið er að því að uppfæra þær núna og verður vonandi hægt að taka fyrri umræðu á okóber eða nóvemberfundi sveitarstjórnar.



Nú eru haustverkin með tilheyrandi verkefnum, smölun á fé og allt þar í kring, komið á fullt og vil ég óska öllum þeim sem standa í þeim önnum og auðvitað öllum öðrum íbúum Dalabyggðar í hverjum þeim önnum sem um er að ræða góðs gengis í sínum verkum.

Við þurfum að láta hlutina ganga og samstarf og samheldni skiptir öllu máli því saman erum við sterkari !

BBP – 14/09/2023